

Nr. 062 / 11 Perla**Skipverji slasast við fall**

Skipaskr.nr. 1402
IMO nr. 6423137
Smíðaður: Husum Þýskalandi 1964 stál
Stærð: 331,3 brl. 410 bt.
Mesta lengd: 47,99 m Skráð lengd: 42,2 m
Breidd: 8,64 m Dýpt: 4 m
Vél: Alpha 220 kW 1964
Fjöldi skipverja: 5



Perla ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 9. mars 2011 var sanddæluskipið Perla að koma að bryggju á Ísafirði. Veður: NA 3 m/sek.

Skipverji steig út á rör sem er notað þegar skipt er á framlosun. Skrikaði honum þá fótur og féll niður á spjaldloka sem er á rörinu. Hann stóð upp, barðist við að ná andanum, en leið svo út af og féll í þilfarið. Stýrimaður, sem staddur var í brú og varð vitni að slysinu, hljóp strax niður til hans. Hóf hann þegar endurlífgun og hjartahnoð þar til slasaði fór að anda sjálfur og komst til meðvitundar. Slasaði var fluttur á sjúkrahús.

Við rannsókn kom fram:

- að verið var að dæla kjölfestu úr lestum skipsins um síðulosunarrör og hafði lok á spjaldloka, á því röri, ekki verið nægjanlega hert svo sjór sprautaðist yfir afturþilfarið. Slasaði var á leið aftur í vélarúm til að stöðva dæluna og hugðist stöðva lekann með því að herða á tessum loksins svo hann kæmist þurr aftur í ;
- að á rörinu sem slasaði fór út á er spjaldloki til að loka fyrir dælingu fram eftir skipinu og féll slasaði á bakið ofan á þennan loka;
- að sögn slasaða gæti olía hafa verið á skósólum en algengt er að bæði sé farið yfir og út á rörið með ýmsa hluti til viðgerða.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í þessu máli.